

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/49/EB

2003/EES/23/43

frá 26. september 1995

um uppfærslu á skrá yfir fyrirtæki sem falla undir tilskipun 91/296/EBE varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/296/EBE frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/49/EB ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Flutningskerfi fyrir jarðgas undir miklum þrýstingi og fyrirtækin, sem bera ábyrgð á þeim í aðildarríkjunum, sem falla undir tilskipun 91/296/EBE, eru skráð í viðaukann við þá tilskipun.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra skrána að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki þegar nauðsyn ber til að því er varðar markmið tilskipunar 91/296/EBE, einkum með tilliti til a-liðar 1. mgr. 2. gr.

Þróun gasiðnaðarins á Spáni og aðild þriggja nýrra aðildarríkja, Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar kallar á uppfærslu þessarar skráar.

Að höfðu samráði við viðkomandi aðildarríki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun kemur í stað viðaukans við tilskipun 91/296/EBE.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. september 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Christos PAPOUTSIS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 233, 30.9.1995, bls. 86, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 23.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 147, 12. 6. 1991, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 295, 16. 11. 1994, bls. 16.

VIDAUKI

Skrá yfir fyrirtæki og gasflutningskerfi undir miklum þrýstingi

Aðildarríki	Fyrirtæki
Þýskaland	Bayerngas GmbH BEB Erdgas und Erdöl GmbH Erdgas Verkaufs-Gesellschaft mbH Gas-Union GmbH Mobil Erdgas — Erdöl GmbH Ruhrgas AG Saar Ferngas AG Thyssengas GmbH Vereinigte Elektrizitätswerke Westfalen AG (VEW) Westfälische Ferngas AG EWAG, Nürnberg Gasversorgung Süddeutschland Schleswig AG Thüga AG Verbundnetz Gas AG Wingas GmbH
Belgía	Distrigaz SA
Danmörk	Dansk Naturgas A/S
Spánn	Empresa Nacional de Gas SA (ENAGAS) Gas Natural SDG, SA Gas de Euskadi
Grikkland	DEPA
Lúxemborg	SOTEG
Holland	NV Nederlandse Gasunie
Ítalía	Snam SpA Edison Gas SpA Società Gasdotti del Mezzogiorno SpA
Frakkland	Gaz de France SINGSO Compagnie française du méthane (CEFEM)
Breska konungsríkið	British Gas
Írland	Irish Gas Board
Austurríki	ÖMV AG
Svíþjóð	Vattenfall Naturgas AB Sydgas AB
Finnland	Neste Oy